

- Leikskólasvæði við Dalbraut stækkar og verslunarlóð á horni Ásabrautar og Víkurbraut verður að lóð fyrir opinbera stofnun.
- Reitur fyrir fjölbýlishús við Heiðarhraun stækkar. Um leið er felld niður sérstök aðgreining svæða fyrir fjölbýlishús í aðalskipulagi og einungis skilgreind svæði fyrir íbúðabyggð hvort heldur um er að ræða einbýli eða fjölbýli.
- Þrjú ný svæði verða fyrir íbúðabyggð: Á Höskuldarvöllum þar sem áður var óbyggt svæði; í enda Sólvalla, þar sem áður var gert ráð fyrir opinberri stofnun og á milli Baðsvalla og Glæsivalla, þar sem áður var opið svæði.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (18.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina; hvað varðar lyf, sem innihalda **Aciclovirum**:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Aciclovirum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 50 mg/g (5%). Mest 2 g (=100 mg virkt efni) handa einstaklingi.	VEBAN, krem. ZOVIR, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. maí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Einar Magnússon.